



Borgarráð

**Víðidalur, afnotasamningur við Hestamannafélagið Fák**

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi afnotasamningi við Hestamannafélagið Fák kt. 520169-2969 um afnot af um 12 ha viðbótarsvæði í Víðidal

**Greinargerð:**

Fákur rekur í dag hús og skeiðvöll í Breiðholtshvarfi, þar sem Víðivellir, félagssvæði Fáks er núna. Svæðið er um 70-75 ha að stærð. Fákur heldur úti þjónustu fyrir félagsmenn sína allt árið um kring.

Hestamannafélagið Fákur stendur fyrir Landsmóti hestamanna sumarið 2024. Þess vegna hefur félagið leitað til Reykjavíkurborgar og óskað eftir að fá aðgang að viðbótar landsspildu svo hægt sé að útbúa bílastæði, tjaldsvæði, salerni og aðra þjónustu fyrir landsmótagesti og gera aðstöðuna sem ákjósanlegasta.

Afnotasamningur er tímabundinn í eitt ár. Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa í eitt (1) ár í senn.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög að afnotasamningi dags. 15. apríl 2024



Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, sem landeigandi, og Hestamannafélagið Fákur, kt. 520169-2969, Brekknaás 5, 110 Reykjavík sem afnotahafi, gera með sér svofelldan:

## AFNOTASAMNING

um landspildu í Víðidal til halda úti þjónustu í tengslum við Hestamannafélagið Fák

### 1. gr.

#### Forsaga málsins

Í stuttu máli er forsagan sú að árið 1965 var Fáki boðið land undir hús og skeiðvöll í Breiðholtshvarfi, þar sem Víðivellir, félagssvæði Fáks er núna. Svæðið er um 70-75 ha að stærð. Fákur heldur úti þjónustu fyrir félagsmenn sína allt árið um kring.

Hestamannafélagið Fákur stendur fyrir Landsmóti hestamanna sumarið 2024. Þess vegna hefur félagið leitað til landeiganda, sjá *viðauka 2*, og óskað eftir að fá aðgang að landspildu þeirri, sem fellur undir afnotasamning þennan, svo hægt sé að útbúa bílastæði, tjaldsvæði, salerni og aðra þjónustu fyrir landsmótagesti og gera aðstöðuna sem ákjósanlegasta.

### 2. gr.

#### Lýsing á landi

Afnotaréttur nær til landspildu í Víðidal, sunnan við reiðvöll og austan við ána Dimmu og norðan við Breiðholtsbraut og meðfram nærliggjandi lóð dýraspítala sbr. meðfylgjandi uppdráttur í *viðauka 1* við samning þennan.

Stærð afnotalóðarinnar er áætluð um 12 ha.

### 3. gr.

#### Afnotatími og uppsögn

Samningur þessi er tímabundinn og gerður til eins árs. Upphaf afnotatíma er 1. maí 2024. Lok afnotatíma er 31. apríl 2025.

Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa um eitt ár í senn nema landeigandi eða afnotahafi tilkynni skriflega breytingu þar um með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, þó aldrei lengur en til ársins 2035.

Ef skipulagsmál krefja eða þurfi landeigandi á hluta landsins að halda vegna nýtingar á vegum Reykjavíkurborgar hefur landeigandi heimild til að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Verði samningur þessi ekki endurnýjaður skal afnotahafi fjarlægja af lóðinni öll mannvirki og lausamuni um leið og afnotatíma lýkur nema um annað sé samið.

#### 4. gr.

##### Afnotagjald

Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 500.000 kr. árlega og tekur breytingum við áramót miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í maí 2024. Leigugjaldið greiðist fyrirfram árlega 1. maí ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 1. maí 2024.

#### 5. gr.

##### Ástand lands við afhendingu þess til afnotahafa

Afnotahafi hefur kynnt sér ástand lands og fellst á að taka við því eins og það er. Landeigandi skal hvorki bera ábyrgð né kostnað vegna nokkurs galla á landssvæðinu sem kann að koma í ljós. Telji afnotahafi nauðsynlegt að slíkur galli sé lagfærður skal hann sjálfur bera allan kostnað þar af.

#### 6. gr.

##### Afnotaréttur afnotahafa og umgengnisreglur

Afnotahafi skuldbindur sig til að tryggja að umgengni við lóðina verði ávallt sem snyrtilegust og með þeim hætti að landeiganda og nánasta umhverfi standi sem minnst óþægindi af að teknu tilliti til nauðsynlegra ráðstafana sem verkefnið krefst.

Allar framkvæmdir og merkingar skulu vera í samráði við landeiganda.

Afnotahafa er heimil trjárækt og önnur ræktun sem miðar að því að fegra lóðina og gera hana betur fallna til útivistar.

Afnotahafi skal tryggja að framkvæmdir séu í fullu samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

#### 7. gr.

##### Skipting rekstrar- og viðhaldskostnaðar

Afnotahafi skal greiða allan stofn-, rekstrar- og viðhaldskostnað af framkvæmdum.

#### 8. gr.

##### Framsal

Afnotahafa er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt afnotasamningi þessum eða réttindi honum tengd.

#### 9. gr.

##### Skil

Að afnotatímabili loknu skal afnotahafi skila landsvæðinu til landeiganda í sama ástandi og afnotahafi tók við því, þ.m.t. að hreinsa landið og fjarlægja uppsettan búnað sem tengist mannvirkjagerð afnotahafa á lóðinni nema samið sé um annað.

#### 10. gr.

##### Ábyrgðir

Afnotahafi ber ábyrgð skv. lögum á spjöllum og tjóni er verða kann á lóðinni á samningstímanum enda verða atvik rakin til afnotahafa á samningstímanum.

Afnotahafi skal tryggja skaðleysi landeiganda vegna starfsemi, framkvæmda og annarra nota sem afnotahafi hyggst vera með á svæðinu.

## 11. gr.

### Vanefndaákvæði

Vanefni annar hvor aðila afnotasamning þennan eða fylgiskjöl með honum í verulegum atriðum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, ef aðili sinnir ekki innan 60 daga skriflegri áskorun um að efna samninginn réttilega. Slík riftunartilkynning skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

Að öðru leyti gilda um vanefndir, tilkynningarskyldu vegna þeirra, svo og vanefndaúrræði hvors aðila um sig, ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 á hverjum tíma.

## 12. gr.

### Viðaukar og breytingar

Allar breytingar og viðaukar sem gerðar eru við samning þennan skulu vera skriflegar og undirritaðar af þar til bærum fulltrúum samningsaðila.

## 13. gr.

### Önnur ákvæði

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar leggja sig fram við að leysa hann með samkomulagi en ella skal mál þess efnis rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um þau atriði sem ekki er sérstaklega samið um í samningi þessum gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir sem samningur þessi gerir ráð fyrir skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Samningi þessum til staðfestingar rita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.

Sá sem undirritar samning þennan ábyrgist persónulega að hafa umboð til að skuldbinda viðkomandi samningsaðila með undirritun sinni.

Reykjavík 15. apríl 2024

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hestamannafélagsins Fáks

---

Nafn

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

Nafn

Vottar að undirritun og dags.:

## Viðauki 1

Grænlistað svæði fellur undir afnotasamning þennan



## Viðauki 2



Hestamannafélagið Fákur  
Brekkaási 5  
110 Reykjavík

Reykjavíkurborg

Óli Jón Hertevík  
Jón Valgeir Björnsson

Reykjavík 21. ágúst 2023

### Efni: Ósk um ótímabundið afnotaleyfi á borgarlandi í Víðidal

Hestamannafélagið Fákur óskar eftir að fá ótímabundið afnotaleyfi á landi borgarinnar í Víðidal í Reykjavík.

1. Afnotaleyfi af landi sem markast af Breiðholtsbraut í suðri, Vatnsveituvegi í austri, lóðamörkum skeiðvallar í norðri og reiðstíg í vestri.  
Innan þessa svæðis eru tvö hesthús ásamt viðrunargerðum sem engin skilgreind lóðamörk eru utan um. Óskar Fákur eftir því að borgin skilgreini lóðamörk húsanna eða afnotarétt þeirra í kringum húsin.
2. Afnotaleyfi af landi sem er vestan við hesthúshverfi í Víðidal og í kringum lóðamörk við Dýraspítalann í Víðidal.

Meðfylgjandi þessu bréfi er loftmynd úr borgarvefsjá Reykjavíkur þar sem má sjá tillögu að þessum svæðum.

Innan þessa svæðis er til að mynda kerrusvæði félagsmanna og land sem félagið hefur haft afnot af til fjölda ára. Þá hefur þetta svæði þjónustað gesti Landsmóta þegar þau hafa verið haldin í Víðidal.

Þá segir í samningi milli Reykjavíkurborgar (ÍTR) og Fáks, dagsettum 5. október 2020, 3. grein, að „*Hestamannafélagið Fákur og Reykjavíkurborg munu kanna möguleika á að koma fyrir á svæði Fáks stæðum fyrir langtímastæði húsbíla*“. Fákur og Reykjavíkurborg hafa verið að skoða að hafa slíkt húsbílastæði innan reitar 1 en þar er bæði fráveita, kalt vatn og stutt í rafmagn.

Linkur á borgarvefsjá:

<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=363724.1&y=402614.5&z=6&map=loftmynd&visiblelayers=634,635,629,633,632,631,630,42,627,623,621,622,624,625&qId=1692797787003>

Virðingarfyllt,

**Hjörtur Bergstað**  
Formaður  
F.h. stjórnar Hestamannafélagsins Fáks